



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur haldinn að Digranesgötu 2 þann 6. nóvember 2023

Mætt eru: Bjarney, Ólafur, Sölvi og Rakel

Dagskrá fundar:

1. Varasambandsstjóri setur fundinn kl. 17.46
2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar. – frestað til næsta fundar þar sem vantaði einn lið í fundargerðina.
3. Stjórn ræðir endurskoðun á starfssamningi við framkvæmdastjóra – þessum lið frestað til næsta fundar.
4. Sambandsstjóri segir frá UMFÍ þinginu sem fram fór 20. – 22. október sl. – frestað til næsta fundar.
5. Framkvæmdastjóri fer yfir hvaða verkefni liggja fyrir
 - Fara yfir ályktun á Borgarbyggð. Ályktunin samþykkt af stjórn og Bjarney sendir áfram á aðildarfélögin.
 - Seinni umsóknarfrestur ferðastyrkja er 13. desember, rætt um að færa frestinn til 1. desember svo að ekki þurfi að kalla stjórn saman um miðjan desember. Það er samþykkt af stjórn.
 - Einnig talað um að færa styrkjaform yfir á rafrænt form, þar sem fólk fyllir út rafrænt eyðublað. Samþykkt af stjórn.
 - Íþróttamanneskja ársins verður tilnefnd þann 6. janúar nk. kl.15 í Hjálmakletti, búið að panta sal og samkvæmt tilviljanakenndum útdrætti (random name generator) verður KKD Skallagríms fyrst boðið að halda utan um það og fá greitt fyrir það allt að 300 þúsund krónur (á eftir að negla niður upphæð). Sjá lista og röð þeirra aðildarfélaganna, sem munu þá halda utan um Íþróttamanneskju Borgarbyggðar, í lok fundargerðar.

- Hvatningarverðlaun UMSB verða veitt á sama tíma og verður póstur þess efnis sendur út á aðildarfélög fyrir tilnefningar, stjórn einnig beðin um að hafa það bakvið eyrað og hugsa um hvaða einstaklingar koma til greina.
- Rætt hvort veita eigi viðurkenningar fyrir val í landslið – samþykkt af stjórn
- Fara yfir nýtt verklag í kjölfar funda, sendi rafrænt og ef engar athugasemdir berast þá telst fundargerð samþykkt, get þá sett þær mun fyrr inn á heimasíðuna og fólk vonandi les þá fundargerðir og hefur betri innsýn. Samþykkt af stjórn.

6. Auka úthlutun starfsstyrkja

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að veita 10 milljónum króna í auka starfsstyrkjaúthlutun. Níu umsóknir bárust sem allar uppfylltu skilyrði úthlutunar og skiptist styrkurinn á milli þeirra þannig að:

Til greiðslu 7. nóvember 2023	
Knattspyrnudeild Skallagríms	3.038.512 kr
UMF. Reykdæla	816.602 kr
Badmintondeild Skallagríms	519.234 kr
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	3.449.839 kr
Hestamannafélagið Borgfirðingur	741.665 kr
UMF. Stafholtstungna	142.452 kr
Golfklúbbur Borgarness	946.860 kr
Umf. Íslendingur	228.673 kr
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	173.258 kr
Samtals	10.057.096 kr

- Unglingalandsmót – fjárhagsáætlun og fara yfir hvaða hlutverk þarf að skipa og hver koma til greina í þau hlutverk, á hvaða fyrirtæki getum við sent styrkbeiðnir?
- Ákveða þarf upphæð fyrir að halda utan um íþróttamanneskju ársins og hvernig verðlaunum skal háttáð
Sjá lið 5 varðandi upphæð.
Varðandi verðlaun þá var ákveðið að einungis íþróttamanneskja ársins fær bikar, aðrir fá gjafapoka frá Öldunni, það verður fundur með Öldunni þann 13. nóvember nk. varðandi það.
Einnig þarf að skoða blómamálin, vöndur fyrir efsta sætið og rós fyrir hin? Allt of mikill kostnaður í blóm síðast.
- Önnur mál
Engin önnur mál voru á dagskrá

Röð fyrir íþróttamanneskju ársins

KKD Skallagríms

HMF Borgfirðingur

UMF Stafholtstungna

Golfklúbburinn Glanni

Golfklúbbur Borgarness

UMF Hvalfjarðarsveitar

UMFR

Badmintondeild Skallagríms

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

UMF Björn Hítardælakappi

Sunddeild Skallagríms

UMF Dagrenning

UMF Íslendingur

HjólVest

Knattspyrnudeild Skallagríms